

# ÁRSSKÝRSLA

# 2003



RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun

# Ársskýrsla 2003



Apríl 2004

Umsjón: Þórir Óskarsson  
Ljósmyndir: Frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur,  
utan mynd á bls. 7 sem er frá Þjóðskjalasafni og baksíða kápu (ÞÓ)  
Prentun: Prentsmiðjan Viðey ehf.

# Efnisyfirlit

<b>Formáli ríkisendurskoðanda</b> .....	5
<b>Hlutverk Ríkisendurskoðunar</b> .....	7
<b>Starfsemin árið 2003</b> .....	9
Skipurit og starfsfólk .....	9
Afrakstur ársins .....	11
Fjárhagur og útgjöld .....	12
Upplýsingahlutverk Ríkisendurskoðunar .....	13
Alþjóðleg samskipti .....	14
<b>Endurskoðun ársins</b> .....	16
Fjárhagsendurskoðun .....	16
Áhersluatriði við fjárhagsendurskoðun .....	17
Innra eftirlit .....	19
Stjórnsýsluendurskoðun .....	19
<b>Kennitölur um umsvif og árangur</b> .....	22
Þjónusta stofnunarinnar .....	22
Innri verkferlar .....	24
Starfsmenn og þróun .....	25
Fjármál .....	26
<b>Útgefin rit árið 2003</b> .....	28
Skýrslur .....	28
Leiðbeiningarrit .....	28
Önnur rit .....	28
<b>Siðareglur Ríkisendurskoðunar</b> .....	29
Inngangur .....	29
Traust og trúverðugleiki .....	29
Óhæði og hlutleysi .....	30
Trúnaður .....	30
Fagmennska .....	30
<b>Ársreikningur 2003</b> .....	32
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .....	32
Áritun endurskoðanda .....	33
Rekstrarreikningur .....	34
Efnahagsreikningur .....	35
Sjóðstreymi .....	36
Skýringar .....	37



*Stjórnarráð Íslands milli 1924 og 1930. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur)*

## Formáli ríkisendurskoðanda

Á 100 ÁRA AFMÆLI heimastjórnarinnar er ekki úr vegi að rifja upp að endurskoðun ríkisreiknings fór lengst af fram innan Stjórnarráðsins. Með stjórnarskránni frá 1874 öðlaðist Alþingi bæði löggjafarvald í hinum svokölluðu sérmálum og fjárveitingavald. Fyrstu íslensku fjárlögin eru frá 15. október 1875 og giltu þau fyrir árin 1876 og 1877. Samhliða þessum breytingum fluttist endurskoðun landsreikninganna, sem sinnt hafði verið í kansallínu í Kaupmannahöfn, til Íslands. Hin umboðslega endurskoðun, eins og hún nefndist, var frá 1879 sjálfstæð sýslan sem sérstakur starfsmaður annaðist allt fram til 1. febrúar 1904 er Stjórnarráðið var sett á laggirnar.

Endurskoðun landsreikninganna var fyrst í höndum starfsmanna stjórnarskrifstofu III í hinu nýja Stjórnarráði en skrifstofa þessi sá m.a. um fjárreiður ríkisins. Þegar hinar formlegu deildir Stjórnarráðsins urðu þrjár á árinu 1917 féll hún undir fjármáladeild þess, þ.e. fjármálaráðuneytið. Þessi skipan gildi fram til 1931 en þá var sett sérstök löggjöf um ríkisbókhald og endurskoðun ríkisreiknings. Endurskoðunin var þar með skilin frá annarri starfsemi fjármálaráðuneytisins og sérstök endurskoðunarskrifstofa sett á fót undir stjórn aðalendurskoðanda ríkisins. Skrifstofan heyrði þó eftir sem áður beint undir fjármálaráðherra. Sama skipan var áréttuð í lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969. Ríkisendurskoðun var því í raun sérstök ráðuneytisskrifstofa er laut fjármálaráðherra allar götur frá 1904 og fram til 1987 er stofnunin var flutt undir Alþingi með lögum nr. 12/1986.

Fyrsti íslenski endurskoðandi landsreikninganna, eins og ríkisreikningur nefndist í upphafi, var Indriði Einarsson hagfræðingur og rithöfundur. Hann var ráðinn til starfa á árinu 1879 og gegndi því „upp á eigin ábyrgð“ til ársins 1904 þegar hann varð fulltrúi og síðar skrifstofustjóri á stjórnarskrifstofu III í Stjórnarráðinu. Í sjálfsævisögu sinni *Sjæð og lifað* sem kom út 1936 kemst hann m.a. svo að orði: „Þegar jeg var orðinn revisor hinna sjerstöku umboðslegu reikninga þessa lands, þá var það eins og verða undir snjóflóði af pappír og skjölum.“ Þá eins og reyndar oft síðar virðast sumir hafa talið að fjármálaráðuneytið færi með eins konar yfirstjórnarvald gagnvart öðrum deildum Stjórnarráðsins. Í ævisögu sinni segir Indriði frá því að fljótlega eftir stofnun Stjórnarráðsins hafi skrifstofur þess fengið ýmis nöfn: „III. skrifstofu – fjármálaráðuneytið nú –, kölluðum við kommandóbrúna – eða *brúna*. Þar áttu menn að vita, í hvað átt skipinu væri stýrt.“ Þá segir hann frá því að eitt sinn hafi Sigurður Eggerz, ráðherra, spurt sig í hálfkæringi: „„Revisor, hver er kúrsinn núna?“ Jeg laut niður að honum og hvíslaði: „Beint til helvítis!“ Hann hló ákaft.“

Nú sem þá má margt ráða af fjárlögum og ríkisreikningi um hver kúrsinn á þjóðarskútunni er og hvernig henni miði. Hlutverk „revisorsins“ og tengsl hans við Stjórnarráðið hafa hins vegar breyst verulega eftir að stofnunin flutt-

ist undir Alþingi. Langt er t.d. síðan fjármálaráðherra hefur spurt hann hver kúrsinn sé enda hlutverkaskipan nú önnur en var. Meginhlutverk Ríkisendurskoðunar er þó í grunninn það sama og frumherjans í starfi þessu, þ.e. að hafa almennt eftirlit með fjárreiðum ríkisins. Það gerir hún með því m.a. að rýna í reikninga ríkissjóðs, endurskoða þá, hafa eftirlit með notkun fjárheimilda, kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár og gera tillögur til úrbóta ef svo ber undir.

Afrakstur af starfi Ríkisendurskoðunar hefur aldrei verið jafnmikill og á árinu 2003. Stofnunin áritaði 370 ársreikninga og gerðar voru samtals 274 endurskoðunarskýrslur og endurskoðunarbréf. Þá voru 9 stjórnsluúttektir gerðar á árinu 2003 og 17 greinargerðir, auk þess sem stofnunin gaf út 2 sérrit. Jafngildir þetta um 10 þúsund blaðsíðum af stærðinni A4. Margt af þessu efni er aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar og fer áhugi á því greinilega vaxandi því heimsóknunum á hana fjölgaði um helming frá árinu 2002 til 2003.

Í sérstökum kafla í ársskýrslu þessari er gerð grein fyrir ýmsum kennitölum um umsvif og árangur í störfum Ríkisendurskoðunar á árinu 2003 og er þar tekið mið af markmiðum stofnunarinnar eins og þeim er lýst í ritinu *Stefnumiðað árangursmat hjá Ríkisendurskoðun*. Þar eru nokkrir þættir starfseminnar einnig bornir saman við sömu þætti hjá systurstofnunum okkar annars staðar á Norðurlöndum. Ljóst er að mikilvægi slíkra upplýsinga og samamburður við aðra er þýðingarmikið stjórnþæki við að meta árangur starfa og bæta það sem betur má fara.

Á árabílinu 1999 til 2002 var afkoma Ríkisendurskoðunar vel innan fjárheimilda, en á árinu 2003 snerist dæmið við og var niðurstaða rekstrar á þá lund að stofnunin fór 15 m.kr. eða 4,9% umfram fjárheimildir. Í upphafi þessa árs var gripið til margvíslegra ráðstafana til að mæta fjárhagsvanda stofnunarinnar. Við blasir að afköst hennar verða minni í ár af þessum sökum þar sem draga hefur þurft úr vinnu í sparnaðarskyni.

Að undanfögnu hefur hlutverk og ábyrgð endurskoðenda verið til umfjöllunar opinberlega í kjölfar nokkurra stórra bókhaldssvikamála bæði hér heima og erlendis. Þar hafa m.a. vaknað áleitnar spurningar um trúverðuleika endurskoðenda bæði faglega og fjárhagslega gagnvart viðskiptavinum sínum. Þó svo að hér á landi hafi komið upp alvarleg fjárhagsvikamál eru þau ekki nærri eins umfangsmikil og erlendis. Engu að síður er brýnt að fram fari umræða bæði innan raða endurskoðenda og ekki síður hjá stjórnvöldum með hvaða hætti tryggja megi endurskoðendum nauðsynlegt sjálfstæði til þess að áritun þeirra á ársreikninga sé bæði áreiðanleg og trúverðug í augum lesenda ársreikninga. Þá er ekki síður mikilvægt fyrir stöðu endurskoðenda og hið opinbera að fyrir hendi sé virt og trúverðugt matskerfi á faglegri hæfni endurskoðenda og að sjálfstæði þeirra sé ekki aðeins í ásýnd heldur líka í reynd.

*Sigurður Þórðarson*

## Hlutverk Ríkisendurskoðunar

RÍKISENDURSKOÐUN hefur það meginverkefni að endurskoða árleg reikningsskil íslenska ríkisins og kanna hvort ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og sjóðir ráðstafi fjármunum sínum eins og Alþingi hefur ákveðið í fjárlögum, fjáráukalögum eða á annan hátt. Enn fremur skal hún hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf sem varða fjárhagsmálefni ríkisins. Þá hefur stofnunin heimild til að framkvæma stjórnýsluendurskoðun og umhverfisendurskoðun. Auk þess sem Ríkisendurskoðun athugar hvort reikningsskil stofnana og fyrirtækja ríkisins séu rétt leggur hún sérstaka áherslu á að kanna hvort hagkvæmni sé gætt í rekstrinum, hvort hann skili árangri og hvort hann sé í samræmi við þau meginmarkmið sem sett hafa verið með lögum og reglugerðum. Á þennan hátt leitast Ríkisendurskoðun við að stuðla að því að skattfé almennings sé vel og skynsamleg nýtt og að stjórnýslan sé í senn skilvirk og árangursrík.

Þessar sjóður eru:	
Þangárvallarsjóla vaxta	kr. 972.00
Vestmannaeyjasjóla	— — — 40.00
Þalassjóla	— — — 377.00
Ísafjardarsjóla	— — — 210.00
Strandasjóla	— — — 96.00
Heikaniar vaxta alls fyrir	kr. 1095.00
Heikaniar fyrir þessum upphæðum vaxta endurskoðunarinn að sendar verid með svörinu.	

Stjórnarráð Íslands  
III. Skrifstofa 7/11 1905.  
Ólafur Þinnarson

Úr endurskoðun jarðabókarsjóðsreikningsins árið 1904. (Þjóðskjalasafn)

Staða og hlutverk Ríkisendurskoðunar hafa tekið verulegum breytingum síðastliðinn aldarfjórðung. Allt frá árinu 1931 þegar embætti aðalendurskoðanda var stofnað og fram til ársins 1987 heyrði stofnunin undir fjármálaráðherra og sinnti fyrst og fremst hefðbundinni fjárhagsendurskoðun, þ.e. endurskoðun á fjárreiðum ríkisins og reikningsskilum ríkisstofnana. Með lögum nr. 12/1986 varð sú gjörbreyting á höfum Ríkisendurskoðunar að hún var gerð að sjálfstæðri stofnun á vegum Alþingis. Með þessu móti var í senn leitast við að styrkja eftirlitsstöðu löggjafarvaldsins gagnvart handhöfum framkvæmdavaldsins og tryggja því nauðsynlega sérfræðiaðstoð við gerð fjárlaga.




Í lögum nr. 12/1986 var ekki aðeins kveðið á um að starfsmenn Ríkisendurskoðunar skyldu í einu og öllu óháðir þeim ráðuneytum og stofnunum sem þeir endurskoða heldur var þar einnig tekið fram að stofnunin skyldi óbundin af fyrirmælum um einstaka þætti í störfum sínum. Þó gæti forsætisnefnd Alþingis að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist hana skýrslna um einstök mál sem falla undir starfsemi hennar. Jafnframt þessu var verksvið stofnunarinnar víkkað til muna. Auk þess sem Ríkisendurskoðun skyldi halda áfram að sinna hefðbundinni fjárhagsendurskoðun var henni nú gert kleift að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisaðilum, þ.e. kanna meðferð þeirra og nýtingu á ríkisfé. Skyldi stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskaiðis færi í rekstri og gera tillögur um úrbætur. Stofnunin hafði reyndar sinnt slíkum verkefnum allt frá haustinu 1979 þegar hún sendi frá sér fyrstu stjórnsýsluendurskoðun sína um Siglingamála-stofnun ríkisins.

Í núgildandi lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, var kveðið enn skýrar á um þetta nýja verksvið og þess getið að við stjórnsýsluendurskoðun skyldi huga að því hvort hagkvæmni og skilvirkni væri gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins og hvort þau fylgdu gildandi lagafyrirmælum í þessu sambandi. Þá var viðfangsefni fjárhagsendurskoðunar sömuleiðis víkkað nokkuð, m.a. var Ríkisendurskoðun nú gert að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi. Að lokum var það nýmæli í þessum lögum að stofnuninni var veitt heimild til að kanna hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála. Það er því óhætt að segja að það eftirlits-hlutverk Ríkisendurskoðunar sem miðar að því að gera stjórnsýsluna hagkvæma, skilvirka og árangursríka hafi vaxið mjög á undanförunum áratugum.

Þær breytingar sem hér hefur verið lýst eru að nokkru leyti liður í alþjóðlegri þróun í endurskoðun og þeirri viðleitni löggjafarvaldsins að hafa eftirlit með því hvort og hvernig ráðuneyti og stofnanir ríkisins fylgja þeim fyrirmælum sem lög kveða á um. Um leið tengjast þær þeim veigamiklu breytingum sem gerðar voru á opinberri stjórnsýslu hér á landi og annars staðar á síðasta áratug 20. aldar. Stofnunum og fyrirtækjum ríkisins er nú veitt aukið svigrúm til að haga rekstri sínum eftir aðstæðum að svo miklu leyti sem fjárlög leyfa. Um leið er þeim þó lögð aukin ábyrgð á herðar, m.a. er þeim gert að bæta árangur sinn og ná settum markmiðum. Þetta hefur skapað aukna þörf fyrir eftirlit og aðhald. Jafnframt því sem Ríkisendurskoðun sinnir áfram hefðbundinni fjárhagsendurskoðun og horfir til þess hvernig stofnunum gengur að ná markmiðum sínum hefur hún í síauknum mæli fengið það verkefni að benda á það sem betur má fara í stjórnun þeirra og rekstri.

## Starfsemin árið 2003

### Skipurit og starfsfólk



STARFSEMI RÍKISENDURSKOÐUNAR fer fram á sjö sviðum: Endurskoðunarsviðum I-III, stjórnsýslusviði, laga- og umhverfissviði, endurskoðun upplýsingakerfa og skrifstofu- og þjónustusviði. Talsverð samvinna er milli þessara sviða og í mörgum tilvikum skarast verkefni þeirra.

*Endurskoðunarsvið I-III* sinna allri hefðbundinni fjárhagsendurskoðun á vegum ríkisins og birta niðurstöður sínar í formi endurskoðunarskýrsla eða bréfa. Auk þess semja þau fjölda ársreikninga fyrir stofnanir, fyrirtæki og sjóði ríkisins. Þá hefur endurskoðunarsvið III einnig það verkefni að kanna innra eftirlit stofnana og hvernig þær standa að áhættumati. Samandregið yfirlit um árlega starfsemi sviðanna birtist í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings. Alls störfuðu 28 manns á endurskoðunarsviðum I-III árið 2003.

*Stjórnsýslusvið* annast ýmiss konar úttektir á stjórnskipulagi og rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins. Einkum er hugað að meðferð og nýtingu ríkisfjár og hvort því sé varið á þann hátt sem Alþingi hefur ákveðið. Niðurstöðurnar eru jafnan birtar opinberlega í skýrsluformi og eru þar iðulega settar fram tilögur til forstöðumanna stofnana eða stjórnvalda um úrbætur. Árið 2003 var starfsfólk stjórnsýslusviðs 9.

*Laga- og umhverfissvið* er að hluta til lögfræðileg stoðdeild við önnur svið Ríkisendurskoðunar, auk þess sem það hefur daglega umsjón með þeim sjóðum og stofnunum ríkisins sem starfa samkvæmt skipulagsskrá. Þá heyrir umhverfisendurskoðun einnig undir þetta svið. Niðurstöður lagasviðs koma iðulega fram í skýrslum og greinargerðum stofnunarinnar. Auk þess birtir stofnunin sjálfstæðar skýrslur um umhverfisendurskoðun. Á árinu 2003 störfuðu 3 á laga- og umhverfissviði.

*Endurskoðun upplýsingakerfa* kemur einkum með tvennu móti að endurskoðunarstörfum stofnunarinnar. Annars vegar leiðbeina starfsmenn sviðsins stofnunum og fyrirtækjum ríkisins um það hvernig best verði staðið að öryggi upplýsingakerfa og hins vegar kanna þeir öryggismál stofnananna. Að auki hafa þeir með höndum rekstur tölvukerfis Ríkisendurskoðunar. Á árinu 2003 voru fastir starfsmenn þessa sviðs 2.

*Starfsfólk skrifstofu- og þjónustusviðs* sinnir margvíslegum störfum sem varða daglegan rekstur stofnunarinnar, svo sem starfsmannahaldi, ritarastörfum, skjala- og símvörslu, útgáfu skýrslna og greinargerða og matseld. Starfsmenn skrifstofu- og þjónustusviðs eru alls 8.

Um áramótin 2003-2004 voru fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar alls 51. Nokkrar mannbreytingar urðu á árinu 2003. Fjórir voru nýráðnir en einn lét af störfum og annar fékk launalaust leyfi til eins árs. Þá voru þrír starfsmenn í barnseignarleyfi nokkurn hluta ársins og nokkrir aðrir í skertu 100% starfi vegna náms eða barnseigna. Vegna þessa voru meðalstöðugildi fastráðinna starfsmanna heldur færri en fjöldi þeirra gefur til kynna, þ.e. 49. Þetta er fjölgun um 4 stöðugildi frá árinu 2002.



*Ríkisendurskoðun heyrir beint undir Alþingi. Frá Austurvelli fyrir 1930. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur)*

Af 51 fastráðnum starfsmanni Ríkisendurskoðunar voru 29 karlmenn og 22 konur og var meðalaldur 46,5 ár. Alls hafði 41 háskólapróf í einhverri grein eða 80,4% starfsmanna. Langflestir voru viðskiptafræðimenntaðir eða 26 en auk þess störfuðu 5 löggiltir endurskoðendur við stofnunina, 5 lögfræðingar, 2 stjórnslufræðingar, 1 hagfræðingur, 1 íslenskufraeðingur og 1 verkfræðingur. Meðalstarfsaldur fastráðinna starfsmanna var 9,6 ár.

Haustið 2003 lauk umfangsmiklum viðgerðum og endurbótum á húsnæði Ríkisendurskoðunar að Skúlagötu 57. Um leið og komið var í veg fyrir vatnsleka í nokkrum skrifstofum var bætt úr þörf fyrir aukið húsrými, stærra


mötuneyti, kennslu- og fundarsal sem rúmar alla starfsmenn og nokkrar nýjar skrifstofur.

## Afrakstur ársins

ÁRIÐ 2003 skilaði starfsfólk Ríkisendurskoðunar alls 76.440 virkum vinnustundum við störf sem tengjast endurskoðun samanborið við 66.272 tíma árið 2002. Slíkum vinnustundum fjölgaði því um 10.168 milli ára eða 15,3%. Til að sinna lögboðinni skyldu sinni keypti stofnunin auk þess þjónustu frá 12 endurskoðunarstofum sem svarar til 4.052 vinnustunda. Það eru 425 stundum meira en árið áður. Ef horft er til virkra vinnustunda starfsmanna við endurskoðunarverkefni sést að 58,9% tímans var varið í fjárhagsendurskoðun og innra eftirlit, 20,3% til stjórn-sýsluendurskoðunar, 7,6% til upplýsingaendurskoðunar, 7,5% til verkefna á laga- og umhverfissviði og 5,7% fóru í önnur verkefni. Þessi skipting er svipuð og verið hefur undanfarin ár. Hlutur fjárhagsendurskoðunar minnkaði þó nokkuð á kostnað stjórn-sýsluendurskoðunar og annarra verkefna.


Á árinu 2003 var varið alls 59.948 tímum í að endurskoða einstök ráðuneyti og stofnanir þeirra samanborið við 53.332 tíma árið 2002. Að venju fór mestur tími í að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir fjármálaráðuneytið (26,9%), heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (18%), menntamálaráðuneytið (14%) og dómsmálaráðuneytið (9,7%). Eins og meðfylgjandi súlurit sýnir varð örlítill tilfærsla milli ráðuneyta frá árinu 2002. Einkum fjölgaði þeim tímum sem notaðir voru til að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið, m.a. vegna eðlis þeirra stjórn-sýsluverkefna sem unnin voru á árinu og nýrra viðfangsefna á sviði umhverfisendurskoðunar. Vegna þessa fækkaði hlutfallslega þeim tímum sem fóru í að endurskoða fjárlagaliði sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið.

Hlutfallsleg skipting vinnustunda eftir ráðuneytum



Fjölgun starfsmanna árið 2003 skilaði sér í meiri afköstum en nokkru sinni fyrr í sögu stofnunarinnar. Alls áritaði Ríkisendurskoðun 370 ársreikninga og samdi 274 endurskoðunarskýrslur. Þetta eru talsvert fleiri verk en unnin voru

árið 2002 þegar ársreikningar voru 328 og endurskoðunarskýrslur 269. Raunar hefur verið mikil og stöðug stígandi í þessari starfsemi stofnunarinnar á undanförunum árum, eins og meðfylgjandi súlurit sýnir. Þess má t.d. geta að árið 2000 voru áritaðir 189 ársreikningar og samdar 95 endurskoðunarskýrslur. Nú er svo komið að nánast allar ríkisstofnanir eru endurskoðaðar árlega. Auk þess að votta að reikningsskilin gefi glögga mynd af rekstri og efnahag er í ársreikningum gerð grein fyrir því hvernig stofnanir ráðstafa þeim fjárheimildum sem Alþingi veitir þeim í fjárlögum, umsvifum stofnananna og árangri.



Þegar horft er til afkasta annarra sviða Ríkisendurskoðunar sést að þau voru einnig óvenju mikil árið 2003. Alls sendi stofnunin frá sér 9 stjórnarsýsluúttektir eða þremur fleiri en árið 2002. Þá gaf stofnunin út tvö leiðbeiningarrit og eitt rit þar sem sýnt er hvernig stofnunin hyggst sjálf beita aðferðum stefnumiðaðs árangursmats við stjórnun og mat á árangri. Skýrslur þessar og rit spanna býsna vítt svið. Þar er meðal annars fjallað um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja á árunum 1998-2003, sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík, tölvukerfi sýslumanna, árangursstjórnun í ríkisrekstri og umhverfisendurskoðun. Margar þessara skýrslna eru einnig óvenju umfangsmiklar.

## Fjárhagur og útgjöld

HEILDARGJÖLD ÁRSINS 2003 að frádregnum sértekjum námu alls 327,3 m.kr. og er það 23,7% aukning frá árinu á undan. Mestu munaði um aukinn launakostnað vegna fjölgunar starfsmanna (16,1%), kostnað vegna rekstrar (21,3%) og stofnkostnað vegna byggingaframkvæmda og innréttingar nokkurra skrifstofuherbergja fyrir nýja starfsmenn (94,9%). Fjárheimild Ríkisendurskoðunar árið 2003 nam 284,4 m.kr. og varð því 42,9 m.kr. tekjuhalli af rekstrinum. Alls átti stofnunin 28 m.kr. uppsafnaðan rekstrarafgang frá fyrri árum og því varð endanlegur halli hennar 15 m.kr. (4,9%).

Samkvæmt verkþókhaldi skiptist kostnaður einstakra starfssviða Ríkisendurskoðunar í grófum dráttum í samræmi við umfang þeirra. Rekstur endurskoðunarsviða I-III kostaði um 191 m.kr. sem er um 58,3% af gjöldum stofnunarinnar. Rekstur stjórnarsýslusviðs og upplýsingasviðs kostaði 86 m.kr. (26,3%), rekstur laga- og umhverfissviðs 23 m.kr. (7%) og rekstur yfirstjórn-

ar 28 m.kr. (8,5%). Þetta er svipuð skipting og verið hefur undanfarin ár. Örlítill tilfærsla varð þó frá fjárhagsendurskoðun til stjórnsýsluendurskoðunar vegna aukinna verkefna á því sviði.

Rekstrarreikningur í m.kr.	Ár		Frávik	
	2003	2002	Fjárhæð	%
<b>Rekstrarliðir</b>				
Laun	258,3	222,5	35,8	16,1
Annar rekstrarkostnaður	85,5	70,5	15,0	21,3
Stofnkostnaður	23,1	11,8	11,3	95,8
<b>Samtals gjöld</b>	<b>366,9</b>	<b>304,8</b>	<b>62,1</b>	<b>20,4</b>
Sértekjur	(39,6)	(40,2)	(0,6)	(1,5)
Gjöld að fráteknum sértekjum	327,3	264,6	62,7	23,7
Ríkisframlag	(284,4)	(245,5)	38,9	15,8
<b>Tekjuafgangur (halli)</b>	<b>(42,9)</b>	<b>(19,1)</b>	<b>(23,8)</b>	

## Upplýsingahlutverk Ríkisendurskoðunar

STÆRSTUM HLUTA þeirra skýrslna og greinargerða sem Ríkisendurskoðun sendir frá sér vegna fjárhagsendurskoðunar og innra eftirlits er einungis beint til þeirra stofnana og ráðuneyta sem í hlut eiga hverju sinni. Sumar skýrslur, einkum stjórnsýsluúttektir, eru þó einnig gerðar opinberar og sendar Alþingi og fjölmiðlum. Ríkisendurskoðun lítur líka á það sem hlutverk sitt að upplýsa almenning um það hvernig stofnanir og fyrirtæki ríkisins haga stjórnun sinni og nýta þá fjármuni sem þeim er úthlutað. Af þessum sökum hefur hún lagt á það áherslu að hafa traust og jákvæð en þó hlutlaus samskipti við fjölmiðla. Árið 2002 tók stofnunin upp á þeirri nýbreytni að senda fjölmiðlum fréttatilkynningar þegar opinberar skýrslur eru gefnar út þar sem greint er frá efni þeirra og helstu niðurstöðum. Hefur þessum síð verið haldið. Fjölmiðlar hafa líka tekið þessum tilkynningum vel og oft birt þær í heild sinni lítt eða ekki breyttar eða notað þær við gerð eigin fréttar.

Þegar fréttatilkynningar eru undanskildar snýr Ríkisendurskoðun sér sjaldan beint til fjölmiðla að fyrra bragði, hvorki til að kynna þau mál sem unnið er að né til að leiðrétta eða gera athugasemdir við umfjöllun fjölmiðla eða annarra um málefni eða störf stofnunarinnar. Þetta er í samræmi við þær meginreglur sem eru viðhafðar í mörgum nágrannalöndum okkar, t.d. Danmörku. Það hlýtur líka að vera grundvallarmarkmið stofnunarinnar að geta sinnt umfjöllun sinni um einstök málefni í friði og án þess að almenn umræða um þau hafi hugsanleg áhrif á niðurstöðuna.

Ríkisendurskoðun lagði á síðasta ári aukna áherslu á að kynna stofnunina út á við, verkefni hennar og þær aðferðir sem notaðar eru. Auk Ársskýrslu sinnar fyrir árið 2002 sendi Ríkisendurskoðun frá sér lítinn kynningarbækling um stofnunina, *Ríkisendurskoðun. Kynning*, og rit þar sem greint er frá því hvernig stofnunin hyggst notfæra sér aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats við að ná markmiðum sínum og meta árangur starfa sinna, *Stefnumiðað árangursmat hjá Ríkisendurskoðun*. Öll þessi rit voru gefin út bæði á íslensku og ensku.



Síðla árs 2003 tók Ríkisendurskoðun í notkun nýja og endurbætta heimasíðu. Slóðin er þó óbreytt frá því sem áður var: *www.ríkisendurskodun.is*. Með þessari heimasíðu vill Ríkisendurskoðun gera stofnunina sýnilegri en áður og mæta þeim kröfum samtímans að opinberar stofnanir miðli almenningi hagnýtu og upplýsandi efni á greiðan og aðgengilegan hátt. Síðunni er í senn ætlað að veita almennar upplýsingar um stofnunina, lögboðið hlutverk hennar, markmið og starfsemi, og koma á framfæri þeim opinberu skýrslum, leiðbeiningaritum og fréttatilkynningum sem stofnunin sendir frá sér. Jafnframt eru þar tenglar við ýmsar innlendar og erlendar stofnanir sem sinna endurskoðun og listi yfir helstu lög sem varða starfsemi Ríkisendurskoðunar. Meðal mikilvægra nýjunga heimasíðunnar er ensk útgáfa hennar sem geymir helstu grunnupplýsingar um stofnunina og stutta samantekt nýjustu fréttatilkynninga. Á þennan hátt vill stofnunin styrkja tengslin við erlendar systurstofnanir sínar og aðra þá sem sinna endurskoðun í öðrum löndum og kynna þeim þau verkefni sem unnin eru hér á landi.



*Með ritsímanum 1906 og síðan talsímanum komust Íslendingar í bein tengsl við útlönd.  
(Ljósmyndasafn Reykjavíkur)*

## Alþjóðleg samskipti

RÍKISENDURSKOÐUN er afar mikilvægt að geta þróast sem nútímaleg endurskoðunarstofnun sem hefur góð tök á þeim aðferðum og vinnubrögðum við endurskoðun sem best reynast hverju sinni. Til þess að svo megi verða þarf stofnunin að hafa nán fagleg samskipti við erlendar stofnanir og samtök sem vinna sambærileg störf og hún. Með hnattvæðingu síðari ára og stóráuknu vægi alþjóðlegra samninga innan einstakra þjóðríkja verður alþjóðleg samvinna um endurskoðun auk þess æ mikilvægari. Í *Ársskýrslu Ríkisendurskoðunar 2002* var sérstaklega vikið að slíkri samvinnu í tengslum við eitt nýjasta svið opinberrar endurskoðunar, umhverfisendurskoðun. Á árinu 2003 fékk Ríkisendurskoðun í fyrsta sinn beina faglega aðstoð frá erlendri systurstofnun sinni, Bresku ríkisendurskoðuninni, vegna úttektar á sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Sá erlendi aðili sem mest hefur stuðlað að samvinnu ríkisendurskoðunarstofnana um heim allan er INTOSAI, Alþjóðasamtök ríkisendurskoðunarstofnana, sem árið 2003 minntist 50 ára afmælis síns. Í upphafi áttu 34 stofnanir aðild að samtökunum en nú munu þær vera 185. Samtökin halda aðalþing sitt á þriggja ára fresti undir kjörorðinu „Sameiginleg reynsla kemur öllum til góða“ (*Experientia mutua omnibus prodest*). Þau kjörorð lýsa vel því meginmarkmiði samtakanna að miðla hagnýtri reynslu og þekkingu við endurskoðun opinberra aðila milli þeirra stofnana sem sinna henni. Á þann hátt komi þau að sem mestu liði við að efla og bæta faglega færni einstakra endurskoðunarstofnana þannig að vinna þeirra nýtist þjóðþingum og almenningi sem best. INTOSAI hefur þó einnig lagt áherslu á að sérhver endurskoðunarstofnun sýni sveigjanleika og varist að taka gagnrýnislaust upp hugmyndir eða kenningar annarra.

Ríkisendurskoðun hefur eftir föngum tekið þátt í starfsemi INTOSAI, þingum og vinnuhópum, og haft hliðsjón af þeim sjónarmiðum og aðferðum við endurskoðun sem samtökin kynna hverju sinni, að svo miklu leyti sem þetta samræmist íslenskum lögum og reglum. Stofnunin grundvallar m.a. endurskoðunarstaðla sína á þeim stöðlum sem INTOSAI hefur gefið út og siðareglur stofnunarinnar sem samdar voru árið 2003 byggja að hluta til á siðareglum INTOSAI.

Auk samstarfs innan INTOSAI og Samtaka evrópskra ríkisendurskoðunarstofnana, EUROSAI, hefur Ríkisendurskoðun nánust tengsl við systurstofnanir sínar annars staðar á Norðurlöndum. Starfsmenn stofnunarinnar taka reglulega þátt í norrænum fundum sem varða einstök starfssvið stofnananna, allt frá fjárhags- og stjórnisýsluendurskoðun til starfsmannahalds og upplýsingamiðlunar. Dagana 16. og 17. október 2003 stóð Ríkisendurskoðun fyrir einum slíkum fundi, um fjárhagsendurskoðun, og tóku 26 manns alls staðar af Norðurlöndunum þátt í honum, þar af voru erlendir þátttakendur 16. Helstu umræðuefni fundarins voru nýting tölvutækni við fjárhagsendurskoðun, gæðaeftirlit við fjárhagsendurskoðun og þær breytingar sem munu verða á reikningsskilum ríkisstofnana í nánustu framtíð. Þá héldu norrænir ríkisendurskoðendur árlegan fund sinn í Joensuu í Finnlandi dagana 12.-14. ágúst 2003.

Árið 2003 fór ríkisendurskoðandi í tvær heimsóknir til erlendra ríkisendurskoðunarstofnana, til Búlgaríu í mars og til Kína í nóvember. Í ágúst heim sótti ríkisendurskoðandi Búlgaríu svo Ísland ásamt einum dómara úr búlgarska endurskoðendadómstólnum. Auk þess að fræðast um starfsemi Ríkisendurskoðunar kynntu þeir sér m.a. rekstur Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Ríkisendurskoðun tekur þátt í að endurskoða ýmsar alþjóðastofnanir sem eru fjármagnaðar með skattpeningum. Fulltrúar stofnunarinnar eiga aðild að endurskoðunarráði Evrópuráðsins í Strassborg og endurskoðunarráði EFTA. Þá sér ríkisendurskoðandi um að endurskoða Samtök evrópskra ríkisendurskoðunarstofnana, ásamt ríkisendurskoðanda Belgíu.



## Endurskoðun ársins

### Fjárhagsendurskoðun

AÐ VENJU var hefðbundin fjárhagsendurskoðun gildasti þátturinn í starfsemi Ríkisendurskoðunar á árinu 2003. Samkvæmt lögum skal stofnunin einkum kanna eftirfarandi atriði í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins:

1. Hvort reikningsskil þeirra gefi glögga mynd af rekstri og efnahag þeirra og séu í samræmi við góða reikningsskilavenju.
2. Hvort innra eftirlit tryggi viðunandi rekstur.
3. Hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, fyrirmæla, starfsvenja og samninga.
4. Hvort kennitölur um umsvif og árangur af starfsemi stofnana séu áreiðanlegar.

Eins og fram kemur í skýrslunni *Endurskoðun ríkisreiknings 2002* sá Ríkisendurskoðun einungis í örfáum undantekningartilvikum ástæðu til að gera verulegar athugasemdir við stofnanir og fyrirtæki ríkisins vegna endurskoðunar ársins 2002. Ríkisendurskoðun hefur lagt áherslu á að gera einstökum ráðuneytum og stofnunum formlega grein fyrir vinnu sinni með sérstakri greinargerð sem samin er samhliða því sem ársreikningur er vottaður. Ráðuneyti og stofnanir hafa yfirleitt tekið til umfjöllunar þær athugasemdir sem gerðar eru og brugðist við þeim. Að þessu leyti hefur endurskoðunarstarfið skilað ótvíræðum árangri.

Ríkisendurskoðun leitast stöðugt við að endurmeta og bæta það verklag sem notað er við fjárhagsendurskoðun, m.a. vegna stöðugra breytinga á því eftirlitsumhverfi sem stofnunin starfar í. Ekki síst hefur tölvunotkun við bókhald, bankaviðskipti og greiðslur kallað á stóraukið innra eftirlit með uppsetningu og rekstri þeirra upplýsinga- og fjárhagskerfa sem notuð eru og sífellt eru í þróun. Sömuleiðis skiptir miklu máli að vel sé fylgst með því að þeir sem annast fjárvörslu og bókhald fylgi ákveðnum verklagsreglum, t.d. þurfa stofnanir að greina á skilmerkilegan hátt á milli starfa, takmarka aðgangsheimildir að greiðslu- og bókhaldskerfum við þá eina sem þurfa starfs síns vegna að hafa slíkar heimildir og tryggja að unnt sé að rekja allar færslur í kerfinu til þess sem gerði þær. Að lokum er mikilvægt að stofnanir hugi vel að starfsmannamálum sínum, sjái til þess að fylgt sé skýrum vinnustaða- og siðareglum og tryggi gott innra eftirlit. Ríkisendurskoðun hefur reynt að aðstoða stofnanir í þessu tilliti með gerð ýmiss konar leiðbeiningarrita. Þeirra á meðal eru ritin *Innra eftirlit (1998)*, *Rafræn viðskipti (2000)* og *Áreiðanleiki gagna í upplýsingakerfum (2002)*. Þá hefur stofnunin einnig lagt áherslu á að stofnanir setji sér skýrar siðareglur.



1904 færðist opinbert reikningshald frá landfögeta til Landsbanka Íslands. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur)

## Áhersluatriði við fjárhagsendurskoðun

RÍKISENDURSKOÐUN hefur á undanförunum árum fylgt þeirri stefnu við fjárhagsendurskoðun að kanna sérstaklega nokkra málaflokka í heild sinni. Vegna endurskoðunar ársins 2002 var hugað að íslenskum sendiráðum, fastanefndum og ræðisskrifstofum, rannsóknarstofnunum, söfnum, málefnum fatlaðra og heilsugæslustöðvum. Þá hefur stofnunin einnig tekið fyrir nokkra afmarkaða þætti í starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana og skoðað þá um leið og fjárhagsendurskoðun er gerð. Val þeirra endurspeglar að nokkru leyti mat Ríkisendurskoðunar á því hvaða áhættuþættir skipta mestu máli. Meginmarkmiðið er að auka aðhald í ríkisrekstri og styrkja og efla innra eftirlit og umhirðu starfsmanna ríkisins með eignum og fjármunum hins opinbera. Við endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 var lögð sérstök áhersla á eftirtalin atriði:

- *Áhættustjórnun stofnana og fyrirtækja:* Kannað var hvort stofnanir hafi heildarmarkmið, hvort þau séu skráð og mælanleg, hvort stjórnendur geri sér grein fyrir þeim áhættuþáttum sem ógna því að markmiðin náist, hvort þessir þættir séu flokkaðir eftir eðli þeirra og hvort þeir séu endurmetnir reglulega.
- *Starfsmannastjórnun og launamál:* Athugað var hvort stofnanir hafi mannafllaáætlun, starfslýsingar í samræmi við stjórnskipulag þeirra, launakerfi sem tekur mið af ábyrgð, verkefnum og reynslu, námskeið fyrir nýja starfsmenn, endurmenntunaráætlun og starfsmannaviðtöl.
- *Kaup á vörum og þjónustu:* Kannað var hvort eðlilega sé staðið að slíkum kaupum, svo sem hvort fylgt sé skriflegum reglum, hvort hagsýni og hagkvæmni sé gætt við innkaup, hvort vörur hafi verið afhentar og hvort innkaup hafi verið viðeigandi miðað við rekstur stofnunarinnar.

- *Styrkveitingar*: Kannaðar voru heimildir stofnana til að veita styrki, hvernig ákvarðanir eru teknar um veitingu þeirra, hvort styrkveitingar séu viðeigandi, hvernig umsóknir eru metnar og hvort stofnanir óski eftir greinargerð styrkhafa eftir að verkefni er lokið.

Skýrt er frá niðurstöðum þessara athugana í *Endurskoðun ríkisreiknings 2002*, kafla 3. Þar kemur meðal annars í ljós að um 84% þeirra 200 ríkisstofnana sem voru skoðaðar með þessi atriði í huga hafa sett sér heildarmarkmið og að um 70% hafa sett einstökum deildum sínum sérstök undirmarkmið. Í flestum stofnunum er einhvers konar áhættustjórnun sömuleiðis innbyggð í aðgerðir þeirra og markmiðssetningu. Þetta sýnir að forstöðumenn gera sér almennt grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir rekstrinum. Hugtakið áhættustjórnun er hins vegar lítt þekkt og færstar stofnanir hafa með formlegum hætti greint og skráð þá áhættuþætti sem geta komið í veg fyrir að þær nái settum markmiðum. Einungis þriðjungur stofnana hefur t.d. flokkað hugsanlega áhættu eftir eðli hennar. Vegna þessa er erfitt að sannreyna hvort stofnanir leiði hugann að þeim þáttum þar sem áhættan er mest.

Við könnun á starfsmannastjórnun og launamálum var athyglinni aðallega beint að almennum starfsmönnum. Í ljós kom að um 53% stofnana fylgja einhverju kerfi við að ákvarða þeim laun eftir ábyrgð, verkefnum og reynslu. Óljósara er hins vegar hvaða reglur gilda þegar viðbótarlaun eru ákveðin og þar virðast frammistaða og afköst starfsmanna skipta tiltölulega litlu máli. Einungis 48% stofnana hafa reglubundin starfsmannaviðtöl sem verður að teljast nokkuð lágt hlutfall. Um 65% stofnana hafa hins vegar starfslýsingar í samræmi við stjórnskipulag þeirra og flestar stofnanir leggja mikla áherslu á endurmenntun.

Þegar á heildina er litið er eftirlit með aðkeyptum vörum og þjónustu viðunandi. Þó þyrftu stofnanir að leggja meiri áherslu á að staðfesta að vara og þjónusta skili sér eins og ætlast er til. Þá er þörf opinberra stofnana fyrir þjónustu ekki alltaf nægjanlega vel skilgreind eða þau verkefni sem þjónustan tengist ekki afmörkuð með nægjanlega skýrum hætti.

Flestir ríkisaðilar sem hafa það hlutverk að veita styrki standa vel að allri málsmeðferð vegna þeirra. Stór hluti annarra stofnana virðist hins vegar ekki fylgja beinum laga- eða reglugerðarheimildum fyrir styrkveitingar. Um eða innan við helmingur þeirra auglýsti styrkveitingar sínar, hafði þar til gerð eyðublöð fyrir umsóknir og óskaði eftir skriflegri greinargerð um markmið verkefnis. Þá metur einungis rétt rúmlega helmingur stofnana árangur styrkveitinga.

Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi fundið ýmislegt ábótavant við skoðun þessara atriða telur hún að forstöðumenn ríkisstofnana séu almennt meðvitadír um mikilvægi þeirra og að þeir hafi vilja til að breyta verklagi sínu eða bæta það þar sem það er ekki í fullnægjandi horfi.

## Innra eftirlit

HUGTAKIÐ „INNRA EFTIRLIT“ hefur oft verið notað í þröngri merkingu um fjárhagslegt innra eftirlit stofnana og fyrirtækja ríkisins. Ríkisendurskoðun hefur hins vegar talið nauðsynlegt að skoða slíkt eftirlit í víðari merkingu, þ.e. láta það einnig ná til stjórnunarlegs eftirlits. Á þann hátt sé unnt að gefa heildstætt yfirlit um það hvernig stofnanir standa að þessum málum. Tveir starfsmenn Ríkisendurskoðunar starfa eingöngu við þetta verk.

Þeim verkefnum sem lúta að innra eftirliti má skipta í tvo meginþætti. Hinn fyrri snýr að því umhverfi sem stofnunin starfar í, m.a. þeim lögum og reglugerðum sem gilda um stofnunina, skipulagi hennar og stjórn. Í samvinnu við stofnunina eru helstu áhættuþættir hennar skilgreindir og skoðað hvort hún hafi gripið til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón sem þeir geta haft í för með sér og þá hverra. Í þessu sambandi eru skoðaðar þær eftirlitsaðgerðir sem stofnunin hefur komið á fót.

Síðari þátturinn lýtur að gerð verkferla og verklýsinga. Þá eru einstakir áhættuþættir skilgreindir nánar, þeir skráðir og leitast við að bregðast við þeim með gerð ýmissa verkferla. Þetta er mjög mikilvægur liður í öllu innra eftirliti og hafi honum ekki verið sinnt er nánast útilokað að bregðast við fari eitthvað úrskeiðis.

Meginniðurstöður þeirra athugana sem Ríkisendurskoðun hefur gert á undanförunum árum er að verulega skorti á að innra eftirlit ríkisstofnana sé skjalfest, að skipulegt áhættumat hafi farið fram og að til séu skýrir verkferlar og verklýsingar. Helsta skýring þessa er sú að flestar stofnanir ríkisins eru fremur litlar og því telja forstöðumenn þeirra að þeir hafi góða yfirsýn um alla helstu þætti starfseminnar og geri sér grein fyrir einstökum áhættuþáttum. Að mati Ríkisendurskoðunar er þetta ekki viðunandi og því er mikil vinna framundan hjá ýmsum stofnunum við að kortleggja starfsemi sína með tilliti til innra eftirlits.

Á árinu 2002 var lokið við að skoða innra eftirlit hjá Fjársýslu ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá var Landspítala-háskólasjúkrahúsi veitt aðstoð við að skoða innra eftirlit stofnunarinnar og að lokum var skipulag og starfsemi innri endurskoðunardeildar Landssíma Íslands hf. skoðað í kjölfar fjársvikamáls sem þar kom upp á árinu.

## Stjórnsýsluendurskoðun

Í LÖGUM UM RÍKISENDURSKOÐUN segir að tilgangur stjórnsýsluendurskoðunar sé „að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi“. Undir þetta fellur einnig að meta hvort styrkir og önnur framlög af ríkisfé hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þótt stjórnsýsluendurskoðun vísi einkum til endurskoðunar innan opinbera geirans eru viðfangsefni hennar og greiningaraðferðir svipað-

ar og notaðar eru við ýmiss konar rekstrarúttektir og rekstrarráðgjöf. Úttektir Ríkisendurskoðunar eru þó sjaldnast unnar að beiðni þess aðila sem er endurskoðaður, niðurstöðurnar eru gerðar opinberar í skýrslu og Ríkisendurskoðun tekur ekki þátt í að hrinda í framkvæmd tillögum að breytingum.

Rekstrar- og stjórnsýsluúttektum má skipta í ýmsa flokka eftir því hvert viðfangsefni þeirra er og hvaða aðferðir eru notaðar. Það sem þessar úttektir eiga sameiginlegt er að þær beinast að því að skoða markmið stofnana, notkun *aðfanga* til starfseminnar, *skipulag og ferla* sem hún byggir á og loks *afrakstur og árangur* hennar. Sumar greiningaraðferðir krefjast þess að hægt sé að mæla ýmsa þætti í starfsemi stofnana, t.d. notkun aðfanga eða magn og gæði þjónustu, til að bera þetta saman við markmið, áætlanir, fyrri tímabil, staðla, samþærilegar stofnanir eða önnur viðmið. Með öðrum úttektaraðferðum má nálgast málin með óbeinum hætti, þ.e. með því að skoða hvort stofnanir ráða yfir skipulagi og verkferlum sem tryggja að hagsýni, skilvirkni og markvirkni sé gætt í rekstri þeirra.

Á árinu 2003 lauk Ríkisendurskoðun við 9 stjórnsýsluúttektir. Stærstu verkefni fjölluðu um sameiningu Landspítala-háskólasjúkrahúss, árangursstjórnun í ríkisrekstri, einkavæðingu fyrirtækja í eigu ríkisins, Flugmálastjórn Íslands og fjölda og menntun grunnskólakennara. Hér verður vikið lítillega að þessum úttektum.

Úttektin á Landspítala-háskólasjúkrahúsi var unnin í samstarfi við Bresku ríkisendurskoðunina (*National Audit Office*) og þarlent fyrirtæki sem sérhæfir sig í að bera saman sjúkrahús. Markmið hennar var að kanna hverju sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík hefði skilað og hvernig afköst og gæði hins nýja



Árið 2003 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um fjölda og menntun grunnskólakennara. Úr Barnaskólanum við Frikirkjuveg veturinn 1913-14. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur)

sjúkrahúss væru í samburði við erlend sjúkrahús. Í ljós kom að sameiningin hafði enn sem komið er ekki skilað umtalsverðri hagræðingu og að afköstin voru talsvert undir því sem þekkist hjá breskum háskólasjúkrahúsum.

Árangursstjórnun var tekin upp hjá ríkinu árið 1996 og er tilgangur hennar að fá ráðuneyti og stofnanir til að vinna skipulega að því að ná tilteknum markmiðum, mæla árangur starfsemi sinnar og reyna stöðugt að bæta reksturinn. Úttekt Ríkisendurskoðunar sýndi að samvinna ráðuneyta og stofnana um forgangsroðun og stefnumótun hefur aukist eftir að árangursstjórnun var komið á og að betri skilningur er nú milli þessara aðila á verkefnum og hlutverkum en áður var. Innleiðingin hefur hins vegar gengið hægar en vonir stóðu til og árið 2002 hafði aðeins helmingur stofnana gert árangursstjórnunarsamninga við ráðuneyti sitt.

Á árunum 1998 til 2003 seldi íslenska ríkið átta fyrirtæki sem að hluta eða öllu leyti voru í eigu þess. Úttekt Ríkisendurskoðunar á sölu þessara fyrirtækja sýndi að stjórnvöld náðu þegar á heildina er litið þeim meginmarkmiðum sem stefnt var að með einkavæðingunni og að fylgt var settum reglum við sölu. Hins vegar komu í ljós nokkrir hnökrar á sölu einstakra fyrirtækja.

Athugun Ríkisendurskoðunar á fjölda og menntun grunnskólakennara sýndi að á næstu árum mun að mestu leyti verða hægt að mæta þörfum grunnskólanna fyrir réttindakennara. Þá var bent á að flest Evrópulönd miða við fjögurra ára kennaranám á meðan nám íslenskra grunnskólakennara er einungis þrjú ár.

Úttekt Ríkisendurskoðunar á Flugmálastofnun bendir ekki til annars en að reglusetningu og eftirliti á sviði flugöryggis sé sinnt með eðlilegum hætti. Í skýrslu sinni benti Ríkisendurskoðun á að skoða þyrfti þann möguleika að flytja málefni Keflavíkurflugvallar undir Flugmálastjórn auk þess sem velt var upp nokkrum möguleikum á breyttu rekstrarformi Flugmálastjórnar.



## Kennitölur um umsvif og árangur

Í RITINU *Stefnumiðað árangursmat hjá Ríkisendurskoðun* (2003) er greint frá nokkrum helstu markmiðum stofnunarinnar og hvernig hægt sé að meta árangur eða velgengni hennar. Þeir mælikvarðar sem þar eru skilgreindir eru ekki að öllu leyti til fyrir árið 2003. Hér verður þó leitast við að meta fjögur lykilsvið starfseminnar: Þjónustu stofnunarinnar, innri verkferla hennar, starfsmenn og þróun og fjármál. Þar sem því varð við komið er miðað við þrjú síðustu ár. Í sumum tilvikum er birtur samanburður við aðrar norrænar ríkisendurskoðunarstofnanir.



*Hver er kúrsinn núna? Frá Reykjavíkurböfn milli 1915 og 1920. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur)*

### Þjónusta stofnunarinnar

*RÍKISENDURSKOÐUN* leitast við að veita álit og upplýsingar sem koma jafnt stjórnvöldum sem stofnunum og fyrirtækjum ríkisins að gagni við ákvarðanatöku.

Í þessari viðleitni hlýtur Ríkisendurskoðun að taka mið af lögum um stofnunina og þeim meginverkefnum sem þar eru tilgreind, svo sem að endurskoða ríkisstofnanir, hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga, aðstoða nefndir Alþingis og gera stjórnarsýslu- og umhverfisúttektir. Þessi verkefni fela í fyrsta lagi í sér að votta upplýsingar ríkisstofnana um fjármál og umhverfismál og gefa álit á því hversu áreiðanlegar þær eru. Í öðru lagi felast þau í ráðgjöf um það hvernig megi auka hagkvæmni, skilvirkni og markvirkni í rekstri ríkisstofnana og í þriðja lagi í viðleitni til að upplýsa tiltekin mál.

Auk lögbundinna verkefna hefur stofnunin sérstaklega reynt að velja verkefni sem skipta máli, einkum þau sem ekki hefur að öllu leyti verið einhugur um

hvernig eigi að meta eða sinna. Meðal annars hefur stofnunin haft í huga fjárhagslega þýðingu verkefna og fordæmisgildi þeirra, en einnig hefur hún eftir föngum reynt að taka mið af beiðni ríkisstofnana, Alþingis eða einstakra þingmanna. Ævinlega hefur verið reynt að ljúka verkefnum það tímanlega að þau komi að notum í þeirri umræðu sem fyrirhuguð er.

Ekki hefur verið könnuð ánægja þeirra aðila sem telja má viðskiptavinum Ríkisendurskoðunar með störf hennar eða raunveruleg áhrif stofnunarinnar. Hitt er ljóst að ráðuneyti og stofnanir taka yfirleitt til jákvæðrar athugunar þær ábendingar sem Ríkisendurskoðun setur fram við fjárhags- og stjórnáhrifendurskoðun og í mörgum tilvikum leiða slíkar ábendingar til breytinga á stjórnun eða rekstri stofnana. Að þessu leyti skilar endurskoðunin ótvíræðum árangri.

Auk slíkra áhrifa er einsýnt að opinberar skýrslur Ríkisendurskoðunar vekja oft talsverða athygli og er oft til þeirra vitnað á Alþingi, í fjölmiðlum og annarri umræðu. Þá sýna komur á heimasíðu Ríkisendurskoðunar einnig að mikill og vaxandi áhugi er á störfum stofnunarinnar, einkum skýrslum hennar. Þetta sést vel þegar kannaður er fjöldi þeirra skjala sem opnaður er og hefur vaxið jafnt og þétt frá ársbyrjun 2001. Einkum varð mikil breyting árið 2003 þegar fjöldi opnaðra skjala meira en tvöfaldaðist frá árinu 2002. Viðleitni stofnunarinnar til að koma upplýsingum á framfæri til almennings á netinu hefur því augljóslega skilað árangri.

Fjöldi opnaðra skjala á heimasíðu Ríkisendurskoðunar					
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
2001	1.483	3.730	2.181	1.888	9.282
2002	1.822	1.840	2.462	2.962	9.086
2003	3.245	4.992	4.982	5.175	18.394

Ef litið er til þeirra 13 skýrslna sem gefnar voru út árið 2003 kemur í ljós að þær voru opnaðar alls 5.532 sinnum. Að jafnaði var því hver skýrsla opnuð 426 sinnum en að auki er 200-300 eintökum dreift í bókarformi. Mesta athygli vöktu skýrslurnar *Tölvukerfi sýslumannsembætta* sem var opnuð alls 927 sinnum og *Kennitölur um umsvif og árangur* sem var opnuð 900 sinnum. Samanborið við árið 2002 hefur áhugi almennings aukist verulega, eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

Fimm mest lesnu skýrslur á heimasíðu Ríkisendurskoðunar					
Röð/Ár	2002		2003		
1	Samningar Tryggingastofnunar	654	Tölvukerfi sýslumannsembætta	927	
2	Sólheimar í Grímsnesi	591	Kennitölur um umsvif og árangur	900	
3	Heilsugæslan í Reykjavík	358	Náðist árangur?	623	
4	Áreiðanleiki gagna	357	Flugmálastjórn Íslands	590	
5	Nefndir, ráð og stjórnir	344	Sameining sjúkrahúsanna	577	
Samtals		2.304		3.617	



## Innri verkferlar

*RÍKISENDURSKOÐUN stefnir að skilvirkni og gæði í störfum.*

Ríkisendurskoðun leitast m.a. við að ná þessu markmiði með því auka fjölda þeirra skýrslna, greinargerða og reikningsskila sem samin eru og ljúka þeim það tímanlega að þau komi þeim að gagni sem taka ákvarðanir um rekstur stofnana og fyrirtækja ríkisins. Þá er stöðugt unnið að því að endurbæta þá innri verkferla sem stuðst er við í daglegum störfum. Ríkisendurskoðun hefur m.a. reynt að meta árangur þessarar viðleitni sinnar með því að fylgjast með fjölda áritaðra ársreikninga, endurskoðunarskýrslna, stjórnýsluúttekta, greinargerða og annarra rita sem starfsmenn stofnunarinnar vinna. Eins og samanburður síðustu þriggja ára sýnir hefur skilvirkni við fjárhagsendurskoðun aukist verulega á tímabilinu.

Fjárhagsendurskoðun	2001	2002	2003
Áritaðir ársreikningar	248	328	370
Endurskoðunarskýrslur	122	269	274
<b>Samtals</b>	<b>370</b>	<b>597</b>	<b>644</b>

Þegar horft er til annarra skýrslna, þ.e. stjórnýsluúttekta, greinargerða og leiðbeiningarrita, koma í ljós meiri sveiflur á milli ára sem m.a. eiga þá skýringu að slíkar úttektir taka mjög mislangan tíma eftir eðli þeirra og umfangi. Þá eru þessar skýrslur iðulega unnar á fleiri en einu almanaksári og er því stundum tilviljunum háð til hvaða árs þær teljast. Eins og samanburður síðustu þriggja ára sýnir kom árið 2003 mun betur út en tvö undanfarin ár.

Aðrar skýrslur	2001	2002	2003
Stjórnýsluskýrslur	10	6	9
Greinargerðir o.fl.	7	9	17
Rit	1	1	2
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>16</b>	<b>28</b>

Með síaukinni rafrænni stjórnýslu eykst nauðsyn þess að vel sé staðið að tölvu- og tækjamálum þeirra stofnana sem sinna endurskoðun. Norrænu ríkisendurskoðunarstofnanirnar hafa leitast við að bera saman þau útgjöld sem þær verja árlega til slíkra mála. Þar kemur fram að Ríkisendurskoðun er á svipuðu róli og ríkisendurskoðunarstofnanir Dana og Finna. Allar verja þessar stofnanir um eða rétt yfir 300.000 kr. árlega á hvern starfsmann til að endurnýja og reka tölvu- og tækjabúnað sinn. Inni í þeirri tölu er einnig aðkeypt þjónusta og launakostnaður þeirra starfsmanna sem sinna þessum málum.

Útgjöld til tölvumála á hvern starfsmann, 2003 (ísl. þús.kr.)					
Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal
321,3	309,4	297,5	440,3	428,4	359,4

Í þessum norræna samanburði kemur einnig fram að tölvukerfi stofnananna voru rekin án vandræða nánast allan vinnutíma starfsmanna. Að meðaltali

voru þau virk í 99,7% alls vinnutíma og var hlutfallið fyrir Ríkisendurskoðun 99%. Þessi samanburður sýnir að rekstur tölvukerfa Ríkisendurskoðunar er með svipuðu móti og almennt gerist á sambærilegum stofnunum.

## Starfsmenn og þróun

*RÍKISENDURSKOÐUN leitast við að ráða þjálfað og hæft starfsfólk sem vill bæta og þróa vinnubrögð sín. Auk þess vill stofnunin stuðla að hvetjandi starfsanda á vinnustað.*

Til að mæla þennan velgengnisþátt er einkum horft til eftirfarandi atriða: hlutfalls starfsmanna með háskólapróf, hlutfalls starfsmanna með meira en þriggja ára starfsreynslu, meðalstarfsaldurs þeirra, fjölda vinnustunda starfsmanna og fjölda endurmenntunartíma. Að auki er fjöldi veikindadaga notaður sem mælikvarði á starfsumhverfi og ánægju á vinnustað.

Eins og þegar hefur verið nefnt hafa rúm 80% starfsmanna Ríkisendurskoðunar háskólapróf í einhverri grein sem tengist starfssviði stofnunarinnar. Þetta er svipað hlutfall eða örlítið hærra en undanfarin ár. Þegar litið er á hlutfall starfsmanna með meira en þriggja ára starfsreynslu sést að það er einnig tilfulega hátt eða rúm 70% og fer síst lækandi. Það er því ljóst að stofnunin hefur á að skipa vel menntuðu og reyndu starfsfólki.

Hlutfall starfsmanna með þriggja ára starfsreynslu		
31.12. 2001	31.12. 2002	31.12. 2003
67,4%	62,7%	72,5%

Við þetta má því bæta að starfsfólk Ríkisendurskoðunar hefur yfirleitt haldið tryggð við stofnunina. Einungis einn starfsmaður hætti á árinu 2003 og eins og áður hefur komið fram er meðalstarfsaldur þeirra sem vinna á stofnuninni 9,6 ár. Það er rétt undir meðalstarfsaldri starfsfólks norrænna ríkisendurskoðunarstofnana. Meðalstarfsaldur yfirmanna, þ.e. ríkisendurskoðanda og sex skrifstofustjóra, er þó enn hærri eða 13,6 ár.

Meðalstarfsaldur starfsfólks norrænna ríkisendurskoðunarstofnana, 2003					
Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal
9,6	14,3	11,8	9,5	9,3	10,9

Þegar litið er til vinnustunda stofnunarinnar sést að þeim fjölgaði verulega árið 2003 samfara fjölgun starfsmanna og auknum verkefnum. Í því yfirliti sem hér er birt er einungis miðað við virkar vinnustundir við endurskoðun, þ.e. sleppt er orlofi, leyfum, helgi- og veikindadögum og sömuleiðis þeim tíma sem fer í yfirstjórn og daglegan rekstur, svo sem skrifstofuhald. Með þessu móti er leitast við að gefa yfirlit um þann tíma sem stofnunin ver áhrifa í að sinna lögbundnum skylduverkefnum sínum.

Fjöldi vinnustunda við endurskoðun		
2001	2002	2003
66.240	66.272	76.440

Ríkisendurskoðun leggur mikla áherslu á að starfsmenn viðhaldi fagþekkingu sinni og efli hana með virkri símenntun. Haldin eru sérstök námskeið fyrir nýráðna starfsmenn þar sem þeim er gerð grein fyrir helstu verkefnum stofnunarinnar, vinnubrögðum og tækjum. Þá stendur stofnunin árlega fyrir skipulögðu námskeiðahaldi fyrir starfsfólk þar sem sérfræðingar meðal starfsmanna eða utanaðkomandi aðilar miðla þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki gefst einnig kostur á að sækja einstök námskeið eða námstefnur á vegum annarra aðila og að lokum hefur stofnunin reynt að greiða götu þeirra starfsmanna sem stunda reglulegt háskólanám eða sækjast eftir löggildingu sem endurskoðendur. Árið 2003 lauk einn starfsmaður meistaraþrófi í opinberri stjórnarsýslu og annar hlaut löggildingu sem endurskoðandi. Að meðaltali notuðu starfsmenn 53,3 tíma til endurmenntunar á árinu 2003 og er það lítilsháttar aukning frá árinu á undan þegar endurmenntunartímar voru 52,5. Samanburður við aðrar norrænar ríkisendurskoðunarstofnanir sýnir þó að Ríkisendurskoðun er nokkuð undir meðaltali að þessu leyti.

Fjöldi endurmenntunardaga á starfsmenn, 2003

Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal
6,7	8,2	7,6	12,5	7,2	8,5

Fjöldi veikindadaga er oft notaður sem mælikvarði á öryggi vinnuumhverfis og þau áhrif sem það hefur á mótstöðuafli starfsmanna gegn sjúkdómum. Auk þess hefur verið bent á að samsvörun sé milli fjölda veikindadaga og þess hversu hvetjandi starfsandi ríki á vinnustað. Árið 2003 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar að meðaltali frá vinnu vegna eigin veikinda í 4,1 dag sem er heldur lægra hlutfall en árið 2002 þegar skráðir veikindadagar voru 4,5. Þetta eru talsvert færri dagar en almennt gerist í íslenskum fyrirtækjum. Samkvæmt könnun Samtaka atvinnulífsins frá árinu 2000 var starfsfólk íslenskra fyrirtækja að jafnaði frá vinnu vegna veikinda í 8 daga það ár. Niðurstaðan er einnig Ríkisendurskoðun í hag þegar horft er til annarra norrænna ríkisendurskoðunarstofnana.

Veikindafjarvistir starfsfólks sem hlutfall unninna stunda, 2003

Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal
1,7	3,0	3,3	6,9	2,0	3,4

## Fjármál

*RÍKISENDURSKOÐUN stefnir að því að rekstur stofnunarinnar sé innan fjárheimilda og að störf séu unnin á hagkvæman hátt.*

Þegar niðurstöður rekstrar eru bornar saman við fjárheimildir kemur í ljós að staða Ríkisendurskoðunar var mjög góð árið 2001 þegar rekstrargjöld voru vel innan fjárheimilda. Á árinu 2002 varð hins vegar 19 m.kr. halli á rekstrinum og árið 2003 varð hallinn 43 m.kr. Þegar tekið er tillit til uppsafnaðs rekstrarafgangs fyrri ára fór rekstur ársins 2003 því um 15 m.kr. (4,9%) um-

fram fjárheimildir. Vegna þessa var gripið til viðeigandi ráðstafana við upphaf ársins 2004 til þess að tryggja stöðu stofnunarinnar.

Uppsafnaðar fjárheimildir í m.kr.			
Ár	Staða í ársbyrjun	Afgangur (halli)	Staða í árslok
2001	26	21	47
2002	47	(19)	28
2003	28	(43)	(15)

Til þess að meta hagkvæmni í rekstri hefur Ríkisendurskoðun tekið saman þann kostnað sem hlýst annars vegar af þjónustu starfsmanna stofnunarinnar og hins vegar af aðkeyptri þjónustu endurskoðunarstofa. Eingöngu er miðað við fjárhagsendurskoðun þar sem aðkeypt þjónusta endurskoðunarstofa er að stærstum hluta á því sviði. Samantektin nær yfir þrjú ár og bendir ótvírætt til þess að kostnaður við starfsemina sé vel innan eðlilegra hagkvæmnismarka.

Kostnaður / klst. við fjárhagsendurskoðun			
Ár	Aðkeypt þjónusta	Starfsmenn Ríkisend.	Munur (%)
2001	6.057	4.501	1.556 (25,6%)
2002	6.747	4.378	2.369 (35,1%)
2003	7.043	5.015	2.028 (28,8%)

## Útgefin rit árið 2003

### Skýrslur

1. Tölvukerfi sýslumannsembætta. Úttekt á upplýsingakerfum (mars).
2. Sólheimar í Grímsnesi 1996-1999 (apríl).
3. Flugmálastjórn Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun (maí).
4. Náðist árangur? Úttekt á árangurstjórnun í ríkisrekstri (júní).
5. Veðurstofa Íslands. Stjórnsýsluendurskoðun (júní).
6. Grunnskólakennarar. Fjöldi og menntun. Stjórnsýsluúttekt (september).
7. Siðareglur í opinberri stjórnsýslu (september).
8. Endurskoðun ríkisreiknings 2002 (október).
9. Sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík. Mat á árangri. Stjórnsýsluendurskoðun (nóvember).
10. Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998-2003 (desember).

### Leiðbeiningarrit

1. Kennitölur um umsvif og árangur. Stefnumiðað árangursmat í ríkisrekstri (febrúar).
2. Umhverfisendurskoðun í hnotskurn. Hlutverk Ríkisendurskoðunar á sviði umhverfisendurskoðunar (desember).

### Önnur rit

1. Stefnumiðað árangursmat hjá Ríkisendurskoðun (maí).
2. Balanced Scorecard of the Icelandic National Audit Office (maí).
3. Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2002 (júní).
4. Icelandic National Audit Office. Annual Report 2002 (júní).
5. The Icelandic National Audit Office (september).
6. Ríkisendurskoðun. Kynning (nóvember).

# Siðareglur Ríkisendurskoðunar

## Inngangur

ÞÆR REGLUR sem hér eru birtar fela í sér það siðferðilega gildismat sem starfsmenn Ríkisendurskoðunar og aðrir þeir sem starfa í umboði hennar ættu jafnan að hafa að leiðarljósi. Reglurnar byggja á siðareglum endurskoðenda í opinbera geiranum sem Alþjóðasamtök ríkisendurskoðunarstofnana, INTOSAI, samþykktu árið 1998 en hafa verið lagaðar að starfsemi Ríkisendurskoðunar og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Siðareglunum er ætlað að minna starfsmenn Ríkisendurskoðunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á þær víðtæku og ströngu siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að varðveita og efla það traust og þann trúverðugleika sem stofnuninni ber að hafa.

Það er meginhugsun siðareglanna að starfsmenn sýni gott fordæmi í störfum sínum. Þeir skulu vinna þau af samviskusemi, fagmennsku og heilindum og í samræmi við íslensk lög, viðurkenndar endurskoðunarvenjur og hlutverk Ríkisendurskoðunar sem sjálfstæðs og áreiðanlegs endurskoðunaraðila. Lykilhugtök reglnanna eru: Traust, trúverðugleiki, óhæði, hlutleysi, trúnaður og fagmennska.

## Traust og trúverðugleiki

ALÞINGI ÍSLENDINGA, stjórnvöld, ríkisstofnanir og almenningur eiga heimtingu á því að störf Ríkisendurskoðunar séu hafin yfir tortryggni. Þau skulu því vera unnin á faglegan hátt og einkennast af sanngirni og óhlutdrægni.

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar skulu koma þannig fram í starfi sínu og utan þess að þeir verði hvorki sjálfum sér til vansæmdar né rýri á einhvern hátt álit, traust og trúverðugleika stofnunarinnar og þar með gildi þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Starfsmenn skulu vera heiðarlegir og málefnalegir í endurskoðunarvinnu sinni og byggja álit sitt og niðurstöður á því sem þeir vita réttast og sannast.

Starfsmenn skulu jafnan taka mið af ríkjandi lögum og öðrum lögmætum ákvörðunum stjórnvalda, sýna þeirri stofnun sem þeir endurskoða heilindi og hafa þarfir og hagsmuni almennings í huga.

## Óhæði og hlutleysi

STARFSMENN RÍKISENDURSKOÐUNAR skulu jafnt í starfi sínu sem utan þess vera óháðir þeim ráðuneytum og stofnunum sem þeir endurskoða. Þeir skulu einnig forðast hugsanlega hagsmunaárekstra eða annað það sem skerðir eða er í augum annarra talið skerða óhæði þeirra og óhlutdrægni. Þetta felur m.a. í sér virka eða opinbera þátttöku í stjórnámálum, setu í stjórn stofnana eða fyrirtækja ríkisins eða önnur stjórnunarleg tengsl við þau. Starfsmenn skulu sömuleiðis varast að þiggja gjafir eða nýta sér fríðindi frá þeim sem hafa hagsmuna að gæta vegna endurskoðunarstarfa þeirra.

Starfsmenn skulu fara vel með vald sitt. Þeir skulu gæta þess að persónulegar skoðanir á einstaklingum, stofnunum eða viðfangsefnum hafi ekki áhrif á umfjöllun sína og niðurstöður. Sömuleiðis skulu þeir taka tillit til sjónarmiða allra málsaðila án þess þó að láta skoðanir annarra rýra nauðsynlegt sjálfstæði sitt eða hafa áhrif á eigin afstöðu og ályktanir.

Verði starfsmenn varir við óreiðu, spillingu og misnotkun í endurskoðunarstörfum sínum skulu þeir koma upplýsingum um það til réttra aðila.

## Trúnaður

STARFSMENN skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þá skulu þeir forðast að veita þriðja aðila upplýsingar um það sem fram kemur við endurskoðun ef það samrýmist ekki lögmætum starfsskyldum Ríkisendurskoðunar eða þeim tilgangi sem að er stefnt með endurskoðuninni.

Starfsmenn skulu ekki nýta upplýsingar sem þeir afla í endurskoðunarstörfum sínum, t.d. fjárhagsupplýsingar, til persónulegra hagsbóta fyrir sjálfa sig eða aðra eða á þann hátt að það skaði starfsemi þeirrar stofnunar sem þeir endurskoða.

## Fagmennska

STARFSMENN RÍKISENDURSKOÐUNAR skulu vinna verk sín í samræmi við þær aðferðir við endurskoðun sem þykja traustastar hverju sinni og nýtast best í því máli sem er til umfjöllunar.

Starfsmönnum ber að sýna fagmennsku í endurskoðunarstörfum sínum og fylgja viðeigandi aðferðum, vinnureglum, siðareglum og stöðlum.

Starfsmenn skulu kynna sér til hlítar lög, reglur og venjur um endurskoðun, reikningsskil og stjórnun stofnana og fyrirtækja ríkisins. Sömuleiðis skulu þeir hafa góðan skilning á stjórnarskránni og öðrum lagalegum grundvallarreglum íslenska ríkisins.

Umfjöllun Ríkisendurskoðunar, greining, álit og skýrslugerð, skal standast viðurkenndar kröfur endurskoðenda um nákvæmni og áreiðanleika. Umfjöllunin skal vera málefnaleg og óhlutdræg og ályktanir skal einungis draga af þeim gögnum sem aflað hefur verið og þykja skipta máli. Jafnan skal gæta sanngirni og meðalhófs í ályktunum.

Starfsmenn skulu halda við faglegri þekkingu sinni og hæfni með endurmenntun og tryggja þannig að þeir séu færir um að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin hverju sinni.

Starfsmenn skulu ekki taka að sér verkefni sem þeir hafa ekki þekkingu, hæfni eða hæfi til að vinna.



Öxarárfoss á Þingvöllum 1910-1920. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur)



## Ársreikningur 2003

### Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnsluendurskoðun.

Á árinu 2003 varð 42.954 þús. kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 12.883 þús. kr. og höfuðstóll var neikvæður um 15.324 þús. kr. í árslok 2003.

Ríkisendurskoðandi og skrifstofustjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Ríkisendurskoðun, 12. mars 2004



Sigurður Þórðarson  
ríkisendurskoðandi



Sveinn Arason  
skrifstofustjóri

## Áritun endurskoðanda

Til forseta Alþingis.

Ég hef endurskoðað ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Ríkisendurskoðunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Reykjavík, 19. mars 2004



Guðmundur Skaftason, hrl.  
lögg. endurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2003

Tekjur	Skýr.	2003	2002
Seld þjónusta . . . . .	1	<u>39.637.999</u>	<u>40.149.175</u>
		<u>39.637.999</u>	<u>40.149.175</u>
 <b>Gjöld</b>			
Launagjöld . . . . .	2	258.333.798	222.520.020
Starfstengdur kostnaður . . . . .	3	13.463.552	14.953.141
Rekstrarkostnaður . . . . .	4	6.513.775	5.959.616
Aðkeypt þjónusta . . . . .	5	45.054.384	38.424.745
Húsnæðiskostnaður . . . . .	6	18.160.146	9.413.160
Bifreiðakostnaður . . . . .	7	506.973	610.421
Opinber gjöld og tryggingar . . . . .	8	264.331	419.712
Tilfærslur . . . . .	9	<u>1.600.000</u>	<u>720.000</u>
		343.896.959	293.020.815
Eignakaup . . . . .	10	<u>23.095.456</u>	<u>11.755.989</u>
		<u>366.992.415</u>	<u>304.776.804</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>		(327.354.416)	(264.627.629)
Ríkisframlag . . . . .		<u>284.400.000</u>	<u>245.500.000</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins . . . . .</b>		<u>(42.954.416)</u>	<u>(19.127.629)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir	Skýr.	2003	2002
<b>Veltufjármunir</b>			
Ríkissjóður . . . . .	11	0	20.484.966
Viðskiptakröfur . . . . .		12.633.653	12.369.024
Aðrar skammtímakröfur . . . . .		17.714	25.576
Handbært fé . . . . .		231.752	217.526
<b>Eignir alls</b> . . . . .		<u>12.883.119</u>	<u>33.097.092</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun . . . . .		27.630.550	46.758.179
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins . . . . .		(42.954.416)	(19.127.629)
<b>Eigið fé</b> . . . . .	12	<u>(15.323.866)</u>	<u>27.630.550</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður . . . . .	11	22.709.653	0
Viðskiptaskuldir . . . . .		81.530	656.336
Ógreidd gjöld . . . . .		5.415.802	4.810.206
<b>Skuldir</b> . . . . .		<u>28.206.985</u>	<u>5.466.542</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b> . . . . .		<u>12.883.119</u>	<u>33.097.092</u>

## Sjóðstreymi árið 2003

	2003	2002
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur (tekjuhalli) . . . . .	(42.954.416)	(19.127.629)
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>(42.954.416)</u>	<u>(19.127.629)</u>
 <i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur (hækkun) . . . . .	(256.767)	(9.249.902)
Viðskiptaskuldir (lækkun) . . . . .	30.790	(1.215.723)
	<u>(225.977)</u>	<u>(10.465.625)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	(43.180.393)	(29.593.254)
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
 <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</i>		
Framlag ríkissjóðs . . . . .	(284.400.000)	(245.500.000)
Greitt úr ríkissjóði . . . . .	327.594.619	275.093.756
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<u>43.194.619</u>	<u>29.593.756</u>
 <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé . . . . .</b>	14.226	502
 <b>Handbært fé í ársbyrjun . . . . .</b>	<u>217.526</u>	<u>217.024</u>
 <b>Handbært fé í lok ársins . . . . .</b>	<u><u>231.752</u></u>	<u><u>217.526</u></u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Þær eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekju- og eignarskatta.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

### Starfsþáttaskipting

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

### Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding Ríkisendurskoðunar vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hennar hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2003 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 269,6 m.kr. Viðbætur vegna úrskurðar kjaradóms og kjaranefndar námu 7,8 m.kr. og 7 m.kr. framlags á fjárukalögum vegna húsaleigu af nýbyggingunni. Fjárheimild ársins nam því samtals 284,4 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 327,3 m.kr. og urðu því 42,9 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Á árinu var ráðstafað 18,0 m.kr. af geymdri fjárheimild til byggingaframkvæmda. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Launagjöld	213.600	221.400	258.334	(36.934)
Önnur rekstrargjöld	64.300	71.300	85.563	(14.263)
Sértekjur	(11.400)	(11.400)	(39.638)	28.238
	<u>266.500</u>	<u>281.300</u>	<u>304.259</u>	<u>(22.959)</u>
Eignakaup	3.100	3.100	23.095	(19.995)
	<u>269.600</u>	<u>284.400</u>	<u>327.354</u>	<u>(42.954)</u>

Rekstrarreikningur ársins 2003, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

	2003	2002
Launagjöld	258.333.798	222.520.020
Önnur rekstrargjöld	85.563.161	70.500.881
Sértekjur	(39.637.956)	(40.149.261)
	<u>304.259.003</u>	<u>252.871.640</u>
Eignakaup	23.095.456	11.755.989
	<u>327.354.459</u>	<u>264.627.629</u>

## Starfsþáttagreining

Samkvæmt skipuriti stofnunarinnar skiptist hún í þrjú megin svið auk yfirstjórnar. Kostnaði er skipt á einstök svið í samræmi við vinnuframlag starfsmanna samkvæmt verkþókhaldi stofnunarinnar.

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir sviðum:

	2003	
	Í þús. kr.	Hlutfall %
Yfirstjórn .....	27.683	8,5
Endurskoðunarsvið .....	190.894	58,3
Stjórnarsýslusvið .....	85.980	26,3
Lögfræðisvið .....	22.797	7,0
	<u>327.354</u>	<u>100,0</u>

## Sundurliðanir

### 1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Talið er eðlilegt að þau ríkisfyrirtæki sem stofnunin endurskoðar beri kostnað við endurskoðun þannig að samræmi verði milli þeirra og hinna sem endurskoðuð eru af endurskoðunarfélögum í umboði Ríkisendurskoðunar.

	2003	2002
Þjónustutekjur .....	38.732.992	37.706.916
Endurgreiddur ferðakostnaður .....	904.614	2.441.484
Vaxtatekjur .....	393	775
	<u>39.637.999</u>	<u>40.149.175</u>



## 2. Launagjöld

Í árslok 2003 var fjöldi starfsmanna Ríkisendurskoðunar 51 og hafði fjölgað um 2 á árinu. Meðalstöðugildi fastráðinna starfsmanna á árinu 2003 voru rúm 49 en voru um 45 á árinu 2002. Á árinu 2003 urðu engar almennar breytingar á kjarasamningum við starfsmenn.

	2003	2002
Dagvinna . . . . .	163.627.204	127.295.468
Aukagreiðslur . . . . .	44.330.557	47.362.284
Yfirvinna . . . . .	6.227.993	11.012.275
Launatengd gjöld . . . . .	44.148.044	36.849.993
	<u>258.333.798</u>	<u>222.520.020</u>

## 3. Starfstengdur kostnaður

Á árinu 2003 var þessi kostnaðarliður með svipuðum hætti og árið á undan. Stofnunin hefur náið samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndum og bresku ríkisendurskoðunina. Að auki eru sótt þing og ráðstefnur á vegum evrópsku (EUROSAI) og heimssamtaka (INTOSAI) ríkisendurskoðenda. Á árinu urðu heldur færri utanlandsferðir en árið áður eða 22 í stað 31.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	1.078.946	756.589
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis . . .	6.438.190	7.871.194
Fundir, námskeið og risna . . . . .	4.600.100	4.869.242
Akstur . . . . .	1.346.316	1.456.116
	<u>13.463.552</u>	<u>14.953.141</u>

## 4. Rekstrarkostnaður

Tímarit, blöð og bækur . . . . .	1.969.510	2.453.746
Skrifstofuvörur og áhöld . . . . .	2.313.073	2.209.940
Aðrar vörur . . . . .	2.231.192	1.295.930
	<u>6.513.775</u>	<u>5.959.616</u>

**5. Aðkeypt þjónusta**

Á árinu 2003 voru í gildi samningar við um 12 endurskoðunarstofur um endurskoðun hjá um 86 A-hluta ríkisstofnunum. Kostnaður á árinu vegna þessarar þjónustu varð um 30.288 þús. kr.

	<b>2003</b>	<b>2002</b>
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta . . . . .	2.044.005	1.700.256
Önnur sérfræðiþjónusta . . . . .	33.414.933	29.139.894
Sími og ýmis leigugjöld . . . . .	2.918.020	3.616.081
Prentun, póstur, auglýsingar o.þ.h. . . .	6.677.426	3.968.514
	<u>45.054.384</u>	<u>38.424.745</u>

**6. Húsnæðiskostnaður**

Stofnunin hefur aðsetur að Skúlagötu 57 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Á árinu var tekið í notkun viðbótarhúsnæði sem verið hefur í byggingu undanfarin tvö ár. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin.

Húsaleiga og aðkeypt ræsting . . . . .	16.174.925	8.106.110
Rafmagn og heitt vatn . . . . .	1.273.620	1.041.877
Verkkaup og byggingavörur . . . . .	711.601	265.173
	<u>18.160.146</u>	<u>9.413.160</u>

**7. Bifreiðakostnaður**

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Nissan Terrano II, árgerð 1998.

Verkstæði og varahlutir . . . . .	126.721	293.127
Bensín og olíur . . . . .	63.566	81.758
Tryggingar og skattar . . . . .	316.686	235.536
	<u>506.973</u>	<u>610.421</u>

## 8. Opinber gjöld og tryggingar

Undir þennan flokk falla starfsábyrgðartrygging endurskoðenda, virðisaukaskattur vegna launa í mötuneyti og ýmis önnur opinber gjöld. Lækkun starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda stafar af endurgreiðslu ofgreiddra trygginga.

	<b>2003</b>	<b>2003</b>
Starfsábyrgðartrygging o.fl. . . . .	46.097	221.324
Virðisaukaskattur vegna mötuneytis . .	174.249	160.683
Opinber gjöld önnur . . . . .	39.957	36.413
Vaxtagjöld . . . . .	4.028	1.292
	<u>264.331</u>	<u>419.712</u>

## 9. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

Tilfærslur . . . . .	<u>1.600.000</u>	<u>720.000</u>
	1.600.000	720.000

## 10. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2003 voru að stærstum hluta kaup á húsgögnum í ný skrifstofuherbergi auk endurnýjunar á tölvum og tölvubúnaði. Byggingaframkvæmdum sem hófust í nóvember 2002 lauk á árinu og er greiðslan færð af geymdri fjárveitingu.

Tölvu- og skrifstofubúnaður . . . . .	798.146	2.767.653
Húsgögn . . . . .	3.376.490	1.194.093
Önnur tæki og búnaður . . . . .	920.820	294.243
Listaverk . . . . .	0	500.000
Byggingakostnaður	18.000.000	7.000.000
	<u>23.095.456</u>	<u>11.755.989</u>

## Annað

### 11. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2003 nam skuld stofnunarinnar við ríkissjóð 22.710 þús. kr. og hafði versnað um 43.195 þús. kr. á árinu, þar af voru 28 m.kr. vegna geymdra fjárheimilda.

Staða 1. janúar 2003	20.484.966
Ríkisframlag	284.400.000
Greiðslur	(327.594.619)
Staða 31. desember 2003	(22.709.653)

### 12. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2003 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ráðstöfun umfram fjárheimild að fjárhæð 15.324 þús. kr. og hafði staðan versnað um 42.954 þús. kr. frá árinu á undan, þar af vegna byggingaframkvæmda 18 m.kr.

Höfuðstóll 1. janúar 2003	27.630.550
Ríkisframlag	284.400.000
Rekstrarafgangur	(327.354.416)
Höfuðstóll 31. desember 2003	(15.323.866)

## Kennitölur

### Verkefnavísar

Verkefni sem gerð er grein fyrir í eftirfarandi töflu eru unnin af starfsmönnum Ríkisendurskoðunar. Til viðbótar er aðkeypt þjónusta endurskoðenda sem skiluðu á árinu 2003 87 ársreikningum og 60 endurskoðunarbréfum.

	2003	2002	2001
Áritaðir ársreikningar	370	328	248
Endurskoðunarbréf	274	269	122
Stjórnsýsluúttektir	9	6	10
Aðrar skýrslur og greinargerðir	17	9	7
Rit	2	1	1

**Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:**

<b>Rekstur</b>	<b>2003</b>	<b>2002</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>	<b>1999</b>
Tekjur	39.638	40.149	30.336	29.509	24.379
Gjöld	(343.897)	(293.021)	(275.034)	(243.039)	(223.041)
Stofnkostnaður	(23.095)	(11.756)	(4.775)	(5.560)	(9.234)
Tekjuafgangur	(327.354)	(264.628)	(249.473)	(219.090)	(207.896)
Ríkisframlag	284.400	245.500	270.200	238.700	219.800
Tekjuafgangur ársins	(42.954)	(19.128)	20.727	19.610	11.904

**Efnahagur**

Eignir					
Veltufjármunir	12.883	33.097	53.440	27.360	9.524
Eignir alls	12.883	33.097	53.440	27.360	9.524
Eigið fé og skuldir					
Höfuðstóll	(15.324)	27.631	46.758	26.031	6.420
Skammtímaskuldir	28.207	5.466	6.682	1.329	3.104
Eigið fé og skuldir alls	12.883	33.097	53.440	27.360	9.524



## RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, Pósthólf 5350, 125 Reykjavík

Sími: 561 4121; Bréfasími: 562 4546

Heimasíða: [www.ríkisendurskodun.is](http://www.ríkisendurskodun.is)